

Byggðamál

Ályktun 18. ársþings SSNV



18. ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra haldið í Félagsheimilinu á Blönduósi dagana 27.- 28. ágúst 2010 samþykkti ályktun um aðgerðir í byggðamálum í 9 liðum. Nánari upplýsingar um þingið og starfsemi samtakana má finna á www.ssnv.is



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA

NORÐURLAND VESTRA

Niðurgreiðslur til húshitunar

Ársþingið skorar á þingmenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar.

Þingið telur að hækka þurfi fjárlagaliðinn verulega við gerð fjárlaga fyrir árið 2011.

Þingið bendir á að á sama tíma og raforkuverð hefur hækkað verulega, hefur fjárlagaliðurinn og þar með taldar niðurgreiðslunnar, staðið í stað.

Á árinu 2010 eru um 960 milljónum ráðstafað til niðurgreiðslna en hefðu þurft að vera um 1.500 milljónir ef þær hefðu fylgt verðlagsþróun frá 2005.

Þingið telur niðurgreiðslurnar mjög mikilvægt byggða- og réttlætismál, þar sem húshitunarkostnaður vegna rafkyndingar hefur staðið mjög höllum fæti í samanburði við jarðvarmaveitur. Sá munur hefur farið vaxandi með verulegum hækkunum raforkuverðs á undanförunum misserum.